

25.apríl 2022

Umbótaáætlun vegna ytra mats

Leikskólinn Akrasel Akranesi



Anney Ágústsdóttir, leikskólastjóri Akrasels

Greinagerð vegna umbótaáætlunar í kjölfar ytra mats.

Leikskólinn Akrasel apríl 2022.

Umbótaáætlun þessi var unnin í kjölfar ytra mats sem fram fór í leikskólanum Akraseli 13. – 17. september 2021.

Vel gekk að vinna áætlunina, starfsmenn lásu skýrsluna og höfðu mikinn áhuga á að taka þátt í umbótaáætlun. Starfsmannafundur og hluti úr starfsdegi voru nýttir svo allir starfsmenn gætu verið með í vinnuferlinu. Covid 19 og flensufaraldur setti strik í vinnuna, sérstaklega í endurmatsvinnunni. Það er viðamesti hluti umbótaáætlunarinnar.

Nánast allir þættir úrbótaáætlunar eru komnir á vinnslustig. Endurskoðun á Starfsmannakveri og Foreldrahandbók eru á lokastigi, áhersla var lögð á að ganga frá þeim fyrir inntöku nýrra barna og komu nýrra starfsmanna í haust.

Mikil og heit umræða var um tvo þætti skýrslunnar er lutu að aðgengi barna að námsgögnum, bókum og sýnilegu ritmáli sjá bls. 5 hér að neðan. Starfsmenn óskuðu eftir því að svara sérstaklega þeim kafla.

Við lítum svo á að umbótaráætlun sé í sífelldri endurskoðun og tímarammi í áætluninni geti riðlast, starfsemin frá degi til dags á það til að breytast hratt. Það sem ekki fær úrlausn verður sett í næstu umbótaáætlun.

Fyrir hönd starfsmanna,

Stjórnendur í leikskólanum Akraseli.

UMBÓTAÁÆTLUN VEGNA YTRA MATS

Tækifæri til umbóta Svið I – Umhverfi leikskólans	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Mat	Viðmið um árangur
Fjölga kennaramenntuðum starfsmönnum til uppfyllingar laga nr. 95/2019 minnst 2/3 hlutar.	Taka vel á móti nemum svo þeir vilji vinna hér. Hvetja starfsfólk í nám. Hafa heimasíðu aðlaðandi. Fréttir og myndir.	Skóla- og frístundarsvið Leikskólastjóri Starfsmenn leikskóla	Alltaf í gangi	Lýkur aldrei	Samantekt skóla- og frístundarsviðs.	Ná lögbundnum viðmiðum**
Viðhald Lagfæra umhverfið /rúður/ viðhald útileiksvæði /moltusvæði.	Almennt viðhald og viðgerðir.	Yfirmaður fasteigna, Garðyrkjustjóri Leikskólastjóri	Janúar 2022	Ágúst 2022	Árlegar úttektir: Skoðun útileiksvæða/ Heilbrigðis eftirlit.	Niðurstöður árlegra úttekta.
Innkeyrsla að leikskólanum. Bæta þarf að keyrslu öngþveiti á annatíma.	Breyta fyrirkomulagi á innkeyrslu Jafnvel breyta bílaplani.	Umhverfissvið Akraneskaupstaðar	Janúar 2022			Minna öngþveiti á annatíma.

*** Í Akraseli starfa 17 leikskólakennarar í 21.10 stöðum (að meðtöldum stjórnendum eru 23,10 stöðugildi).*

Þrír þroskaþjálfar í 2,4 stöðum og 7 með aðra háskólamenntun í samtals 5,9 stöðum (tveir úr hópi háskólamenntaðra fá leyfisbréf vor 2022, einn í jan./ Feb. 2023).

Grunnstöðugildi leikskólans eru 22,59 og sérkennslu stöðugildi með sérkennslustjóra í 0,75 stöðuhlutfalli eru samtals 5.

*Grunnstöðugildi + sérkennslustöðugildi í Akraseli eru **samtals 27,59 stöðugildi***

*Fagmenntaðir og háskólamenntaðir **samtals 29,50 stöðugildi** (fyrir utan stjórnendur, eldhús og afleysingar)*

Í Akraseli eru 6 starfsmenn í réttindanámi.

Heildarstöðugildi með eldhúsi, stjórnun, veikinda- og undirbúningsafleysingu eru 39,5.

Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	hefst	lokið	mat	Viðmið um árangur
Svið II - Stjórnun Endurskoða skólanámskrá m.t.t. Aðalnámskrár leikskóla frá 2008 með aðkomu barna, foreldra og starfsfólks.	Spurningar sendar til foreldra. Aðalnámskrá og skólanámskrá kynnt starfsfólki á haustin. Spurningar í foreldraviðtölum. Fá foreldra í rýnihóp. Óskalistinn virkjaður (spurningum beint til barna v. búnaðar, leiktækja o.fl.) m.t.t. lýðræðs og skólanámskrár. Breyta uppsetningu. *Samþætting með farsældarlögum	Stjórnendur: Leikskólastjóri, Aðstoðar-leikskólastjóri, Sérkennslustjóri, Deildastjórar Mikilvægt að fá aðkomu allrar að endurskoðun. *Innleiðingarteymi í samvinnu við stjórnendur*	Janúar 2022	Ágúst 2023	Símat. Ígrundun á starfsmannafundum. Spurningakönnun send til starfsmanna/Foreldra. Könnun á meðal barna. *Könnun send til starfsmanna og foreldra - innleiðingarteymi	Aukning í svörum foreldra í útsendum könnunum Foreldrar og allt starfsfólk meðvitað um inntak skólanámskrár Að samþætting lögboðinna þátta, orðræða og vinnubrögð beri merki um áherslur í starfi. *starfshættir taka mið af farsældarlögum
Í skólanámskrá þarf að gera grein fyrir hvernig staðið er að færslu og aðlögun barna á milli skólastiga og hvaða upplýsingar fylgja barni þegar það flyst milli leikskóla eða í grunnskóla. Hvernig unnið er með hæfnisþætti í samræmi við aldur og þroska barna og birta viðmið fyrir leikskólastarfið sem metið er út frá í innra mati.	Skerpa á kaflanum um „Brúum bilið“ Gera grein fyrir verkferlum við upplýsingagjöf á milli skólastiga. Samþætting upplýsinga í foreldrahandbók og skólanámskrá. Skoða viðmið.	Sérkennslustjóri Deildastjórar elstu deilda.	Janúar 2022	Ágúst 2022	Símat.	Skráð í útgefið efni og á heimasíðu.

UMBÓTAÁÆTLUN VEGNA YTRA MATS

Tækifæri til umbóta <i>Frh. Svið II - Stjórnun</i>	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Mat	Viðmið um árangur
Verkaskipting stjórnenda í starfsmannakver.	Verkaskipting stjórnenda sett í starfsmannakver.	Stjórnendur: leikskólastjóri, aðstoðar-leikskólastjóri.	Janúar 2022	Ágúst 2022	Birt í Starfsmannakveri í ágúst 2022.	Skráð í útgefið efni / Starfsmannakver.
Verklag um móttöku nýrra starfsmanna.	Yfirfara starfsmannakver, það er lifandi plagg sem þarfnast reglulegrar endurskoðunar. Leiðsagnarkennari/ tengiliður á deild sem nýr starfsmaður getur leitað til í ákv. tíma. Starfsmanni afhent starfsmannakver við ráðningu. Starfsmaður hvattur til að kynna sér heimasíðu. Deildarstjóri tekur á móti nýjum starfsmanni og sér til þess að viðkomandi hafi tengilið/ leiðsagnakennara á deildinni. Aðgengi að handbókum inni á deild. Viðtal við leikskólastjóra eftir 3-4 vikur í starfi.	Stjórnendur: leikskólastjóri, aðstoðar-leikskólastjóri, deildastjórar.	Janúar 2022	Lýkur aldrei	Rafrænar spurningar fyrir árlegt starfsmannasamtal.	Líðan starfsmanns.

Tækifæri til umbóta <i>Svið III - Uppeldis og menntastarf</i>	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Mat	Viðmið um árangur
Æskilegt er að fram fari umræða um aðgengi barnanna að námsgögnum og bókum.	Starfsmenn ósammála mati	Leikskólastjóri, Allir starfsmenn	Alltaf að hausti	Lýkur aldrei	Gátlistar lagðir fyrir á deildum	Sýnilegt
Huga að því að gera ritmálið sýnilegra í umhverfinu, svo sem að merkja box og körfur með ritmáli.	Starfsmenn ósammála mati	Leikskólastjóri, Allir starfsmenn	Alltaf að hausti	Lýkur aldrei	Gátlistar lagðir fyrir á deildum	Sýnilegt
Leita leiða til að auka lýðræðislega þátttöku barna í ákvörðunum sem varða skipulag og viðfangsefni.	Kunngjöra /Gera sýnilegri lýðræðisleg vinnubrögð í Akraseli. -Hver deild velur rétt á matseðil mánaðarins. -Frjálst flæði í leik. -Val barna á viðfangsefni, leik, föndur, ferðir o.þ.h. Jólagjafavinna – hvert barn velur hvað það gerir fyrir sína nánustu.	Stjórnendur: Leikskólastjóri. Aðstoðar-leikskólastjóri, deildastjórar, kennarar.	Janúar 2022	Aldrei	Könnun lögð fyrir börn og starfsfólk.	Sameiginlegur skilningur allra starfsmanna á lýðræðislegum vinnubrögðum. Þegar barn upplifir að það hafi áhrif.

Starfsfólk Akrasels vildi koma eftirfarandi á framfæri er varðar grænu reitina hér að ofan.

Í Akraseli er lögð mikil áhersla á málörvun. Bækur eru sýnilegar á öllum deildum og á fjórum af sex deildum eru bókakörfur aðgengilegar (í hæð barna) fyrir börn til skoðunar. Á yngstu deildunum tveimur eru bækur lagðar fram til skoðunar með reglubundnum hætti til þess að kynna og kenna umgengni við bækur. Það er sameiginleg ákvörðun starfsmanna að hafa þann hátt á í upphafi leikskólagöngu barna. Sama gildir um liti, skæri og annað föndurefni. Á eldri deildum hafa hurðir verið teknar af skápum til að auðvelda aðgengi fyrir börn.

Bókaskápar eru í báðum kjörnum yngri og eldri með bókakosti er tilheyrir aldri hvors kjarna. Þar eru bækur aðgengilegar fyrir börn.

Leikfangakostur er í sameiginlegu rými þar sem við skiptumst á að nota leikföngin, börnin velja hvað skal sótt til leikja (lýðræðisleg nálgun).

Ritmál er sýnilegt á öllum deildum, nöfn barna, íslenska stafrófið, málbein Lubba með bókstaf / hljóði eða mynd, körfur og leikfangakassar merktir.

Á göngum leikskólans eru svo orðsporin okkar, fótafar með orðum og tákni. Sérkennari skiptir um orðspor mánaðarlega. Orðin á orðsporunum er tekin úr orðaforðalista Menntamálastofnunar. Markmið með orðsporunum er að skapa skemmtilegan samskiptavettvang fyrir foreldra og barn.

Orðalisti mánaðarins er einnig settur inn á hverja deild, oftast er afrit límt á matarborðið þá eru allir með hann og hver og einn getur gripið tækfæri með börnunum. Bókaormur vikunnar (eitt barn á hverri deild vikulega) kemur með bók að heiman, barnið velur orð úr bókinni með foreldri, bókin lesin í samveru og orðið rætt í samverustundinni. Orðið og skýring er sett út á klipptan hring sem hengdur er upp til að mynda bókaorm á göngum leikskólans.

Vikulegar Lubbastundir eru á öllum deildum. Starfsmenn sem sinna Lubbastundum gerðu handbók með sérkennslustjóra þar sem skipulagðar ítarlegar stundir voru settar í handbækur. Ein handbók er fyrir hvert aldursár.

Áhersla á yndislestur, sögustundir og alla málörvun eru svo stór hluti af starfinu okkar. Okkur brá við þessa athugasemd og völdum að svara henni sérstaklega. Það kann vera að ástæðan fyrir þessum athugasemdum hafi verið sú að við vorum að hefja starfið eftir sumarlokun og heilþrifum leikskólans var ný lokið þegar matið fór fram; vetrarstarfið var rétt að hefjast og aðlögun að ljúka.

Með virðingu og vinsemd,

Starfsfólk Akrasels

Ályktað á endurmatsfundi í mars 2022

UMBÓTAÁÆTLUN VEGNA YTRA MATS

Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Mat	Viðmið um árangur
Svið IV - Foreldra-samvinna og ytri tengsl						
Æskilegt er að hafa hagnýtar upplýsingar um leikskólann á heimasíðu á fleiri tungumálum.	Google þýðingavél tengd heimasíðu.	Leikskólastjóri	Febrúar 2022	Ágúst 2022	Sífeld endurskoðun á heimasíðu.	Komið í virkni á heimasíðu.

Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Mat	Viðmið um árangur
Svið V -Skóli án aðgreiningar						
Verkferlar ef upp kemur grunur um þroskafrávik hjá barni ættu að vera skriflegir og öllum aðgengilegir svo sem á heimasíðu leikskólans.	Verkferlar í foreldrahandbók.	Sérkennslustjóri Leikskólastjóri	Janúar 2022	Ágúst 2022	Verkferlar komnir í útgefið efni (foreldrahandbók og starfsmannakver). Á Heimasíðu.	Verkferlar komnir í útgefið efni. Á Heimasíðu.
Æskilegt er að til séu verkferlar varðandi börn með annað móðurmál en íslensku.	Endurskoða verkferla sem til eru um móttöku barna af erlendum uppruna og gera verkferla ítarlegri og aðgengilegri fyrir starfsmenn.	Sérkennslustjóri Leikskólastjóri	Janúar 2022	Ágúst 2022	Verkferlar komnir í útgefið efni (foreldrahandbók og starfsmannakver). Á Heimasíðu.	Verkferlar komnir í útgefið efni. Á Heimasíðu.

UMBÓTAÁÆTLUN VEGNA YTRA MATS

Tækifæri til umbóta <i>Svið VI - Innra mat</i>	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Mat	Viðmið um árangur
Í skólanámskrá á að vera umfjöllun um helstu leiðir sem leikskólinn fer í að meta innra starf sitt.	Birta kafla um innra mat Akrasels í skólanámskrá ekki bara í starfsáætlun eins og nú er.	Leikskólastjóri	Mars 2022	Des.2022	Aðgerðaskoðun. Gátlisti.	Aðgengilegt í útgefnu efni og á heimasíðu.
Allir hagsmunahópar ættu að koma að því að ákveða áherslur og skipulag innra mats t.d. með stofnun matsteymis sem í sitja stjórnendur, starfsfólk og foreldrar.	Stofna starfshóp innan leikskólans sem fer fyrir skipulagningu og gerir tillögu að því hvaða áherslur meta skal.	Leikskólastjóri	Febrúar 2022	Des. 2022	Samtal á milli leikskóla og samtal við foreldra. Samtal við stjórnendateymi leikskólans.	Birting mats á heimasíðu.
Gera ætti nákvæma matsáætlun fyrir hvert skólaár þar sem fram kemur viðfangsefni matsins, hvaða markmið eigi að meta og viðmið um árangur skilgreind. Tímasetja matið og skilgreina ábyrgðaraðila og hvernig gagna á að afla.	Samþætting verkferla, matslista og aðgerðaráætlana. Birta niðurstöður aðgerðaáætlana í kjölfar deildarmats.	Leikskólastjóri Aðstoðar- Leikskólastjóri, Deildastjórar, Sérkennslustjóri	Janúar 2022	Maí 2023	Gátlisti með tilliti til niðurstöðu ytra mats MMT.	Virk birting á niðurstöðum mats á heimasíðu og í tilkynningum til foreldra.
Gera skal matsáætlun til nokkurra ára sem endurspeglar að helstu þættir starfsins séu metnir.	Fundur með Sviðsstjóra og verkefnisstjóra skóla- og frístundasviðs og Akraneskaupstað til þess að ræða samþættingu mats í leikskólum bæjarins. Stofna matsteymi í leikskólanum. Samþætting.	Leikskólastjóri, Sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs og Verkefnastjóri skóla- og frístundasviðs hjá Akraneskaupstað	Mars 2022	Des. 2022	Niðurstöðum skilað og þær birtar.	Matsmódel sett fram fyrir leikskólastigið.

UMBÓTAÁÆTLUN VEGNA YTRA MATS

Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Mat	Viðmið um árangur
Frh. Svið VI - Innra mat Birta skal greinagerð um innra mat á heimasíðu leikskólans þar sem fram koma upplýsingar um framkvæmd, niðurstöður og greining á styrkleikum og tækifærum til úrbóta.	Samþætting framsetningar.	Leikskólastjóri Aðstoðar- Leikskólastjóri, Deildastjórar, Sérkennslustjóri	Janúar 2022	Des. 2022	Símat.	Birt á heimasíðu.
Gera skal nákvæma umbótaáætlun út frá helstu tækifærum til umbóta þar sem meðal annars kemur fram til hvaða aðgerða eigi að grípa og hvenær, hvernig endurmatið eigi að fara fram og hver beri ábyrgð á að hrinda því í framkvæmd.	Hver deild / eining sem metin er skal gera umbótaáætlun sem kynnt verður og birt á heimasíðu.	Leikskólastjóri Aðstoðar- Leikskólastjóri, Deildastjórar, Sérkennslustjóri	Ágúst 2022	Lýkur aldrei	Símat.	Regluleg birting um niðurstöður og umbótaáætlun þeirra þátta sem metnir eru hverju sinni.